

FW: Styttu af Birni - upplýsingar

Til : Skjalavarsla skjaladeild <Skjalavarsla@kopavogur.is>
Frá : Soffía Karlsdóttir <Soffia.Karlsdottir@kopavogur.is>
Heiti : FW: Styttu af Birni - upplýsingar
Málsnúmer : 2502196
Málsaðili : Kópavogsbær
Skráð dags : 03.02.2025 09:49:08
Höfundur : Soffía Karlsdóttir <Soffia.Karlsdottir@kopavogur.is>

Sæl aftur

Má ég biðja ykkur um að gera mál um þessa fyrirspurn: Fyrirspurn um útilistaverk í Kópavogi.

Bestu kveðjur.

Soffía Karlsdóttir

Forstöðumaður menningarmála | Menningarmál

Stjórnsýslusvið | Soffia.Karlsdottir@kopavogur.is

| | Sími

From: BIRNIR

Sent: sunnudagur, 2. febrúar 2025 16:19

To: Soffía Karlsdóttir

Subject: Styttu af Birni - upplýsingar

Sæl og blessuð Soffía!

Takk fyrir símtalið. Hérna eru allar upplýsingar varðandi styttuna sem við erum að framleiða.

Verkefnið

Sem partur af listrænni umgjörð nýjustu plötu Birnis verður framleidd styttu af honum. Plötuumslagið mun sýna mynd af styttunni sem verður áberandi hluti af verkefninu.

Aðstandendur verkefnis

Þórsteinn Svanhildarson (f. 1988) sér um listræna umgjörð og skjalfestingu verkefnisins. Hann er íslenskur ljósmyndari og listamaður sem útskrifaðist frá Ljósmyndaskólanum í janúar 2018. Þórsteinn hefur gefið út tvær ljósmyndabækur, *Juvenile Bliss* og *Container Society* (2018, Grazie Press), og hefur sýnt verk sín víða bæði hérlendis og erlendis. Hann rak um tíma Núllið Gallery í Bankastræti og sýningarstýrði þar 135 sýningum á þriggja ára tímabili. Verk hans einkennast af tilfinningaríkri og einlægri nálgun sem fangar nærumhverfi hans á einstakan hátt.

Höggmyndin er unnin af Ragnhildi Stefánsdóttur, sem stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólann á árunum 1977-1981 og lauk MFA gráðu frá Listaháskólanum Carnegie Mellon University í Pittsburgh árið 1987. Meðal þekktustu verka hennar er höggmynd af Ingibjörgu H. Bjarnason, fyrstu konunni sem tók sæti á Alþingi, sem stendur við Skála Alþingishússins og var vígð á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna árið 2015.

Dagsetningar

Styttan verður send út til Þýskalands í byrjun mars og mun koma aftur til landsins í byrjun maí tilbúin.

Planið er síðan að hafa hana fyrir utan Laugardalshöll þangað til 20. september, en þá mun Birnir halda 5.000 manna stórtónleika þar.

Eftir tónleikana viljum við koma styttunni fyrir í náttúru Kópavogs.

Útfærsla

Við viljum gefa Kópavogsbæ styttuna sem gjöf og finna hentugan stað á landi Kópavogs í samráði við ykkur þar sem styttan fær að lifa um ókomna tíð sem hluti af opinberu rými Íslands.

Endilega láttu mig vita ef ykkur vantar einhverjar frekari upplýsingar.

Hlakka til að heyra frá þér

Bestu kveðjur,
Bergþór Másson